

kynni að þurfa með, og Austurlandeyjahreppur getur að eins verið skyldur að endurgjalda Vesturlandeyjahreppi sveitarstyrk þann, er í raun og veru hefir verið lagður með 2. febr. þurfamanninum. 14

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fjallvegi. — Samkvæmt tillögum amtsráðsins í brjefi frá 21. desbr. f. á. skal hjer með veitt til vegagjörða á fjallvegum í norður- og austurumdæminu á yfirstandandi ári af 14000 kr. þeim, sem ákveðnar eru í 10. gr. C. 5. a. fjárlaganna, eptirnefndar upphæðir:

a, til að fullgjöra veginn yfir Öxnadalsheiði í Eyjafjarðarsýslu	250 kr.
b, — vegarins yfir Siglufjarðarskarð í sömu sýslu	700 —
c, — vegarins yfir Vaðlaheiði:	
1, í Eyjafjarðarsýslu	1000 kr.
2, í Þingeyjarsýslu	1000 —
d, — vegarins á Dimmafjallgarði í Norðurmúlasýslu	500 —
e, — vegarins yfir Vestdalsheiði í sömu sýslu	1000 —
f, — sæluhússbyggingar á Mývatnsfjöllum (hellingurinn þetta ár)	1000 —
svo og samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 2. f. m. til veganna yfir Vatnsskarð og Siglufjarðarskarð í Skagafjarðarsýslu	700 —
Alls	6150 —

Enn fremur skulu veittar af þeim 6000 kr., sem ákveðnar eru í 10. gr. C. 5. b. fjárlaganna til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpostleiðum 2500 —
 Þar af 600 kr. til að gjöra brú yfir Valagilsá, er samkvæmt skýrslu amtsráðsins getur ekki talist með fjallveginum yfir Öxnadalsheiði, en heyrir að öllu leyti til sýsluveganna í Skagafjarðarsýslu.

Með tilliti til 1900 kr. þeirra, sem þá eru eptir, skal það falið amtsráði norður- og austurumdæmisins að skipta þeim milli sýsluvega í norður- og austurumdæminu, er fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í fjárlögunum um þetta efni.

Þegar viðkomandi vegagjörðum er lokið ber að senda hingað reikninga yfir kostnaðinn við þær, svo og skoðunar- og úttektargjörðir á vegunum.

Í sambandi hjer við bið jeg mjer tjád ummæli amtsráðsins um hjálagða beiðni, er hingað hefir komið frá sýslumanninum í Húnavatassýslu, og þar sem farið er fram á, að veittar verði 3000 kr. til að framhalda vegagjörðinni yfir Grímstunguheiði á yfirstandandi ári. Fylgiskjalið óskast endursent.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um spítalagjald eptir ágústmánaðarlok 1881. — Með brjefi dags. 5. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, þar er hann beiðist úrskurðar míns um það, hvort hann fyrir sakir ákvarðanarinnar í 9. gr. laga 4. nóvember f. á. um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. eigi að endurborga spítalagjald það, sem hann annaðhvort hefir inn heimt í peningum, eða sem áreiðanlegir menn hafa gengið í ábyrgð fyrir, að greitt yrði af síldveiðimönnum þeim, er veiði hafa rekið í hreppum nefndrar sýslu, en átt þar eigi sjálfir heima, af afla þeim, er þeir hafa fengið eptir ágústmánaðarlok árið, sem leið. 16

Út af þessu tjái jeg yður nú, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar 7. febr.

16 og svo að þjer birtíð þeim það, er hlut eiga að máli, að jeg er yður samþykkur í því, að hin umrædda 9. gr. laga 4. nóvbr. f. á. eigi að eins við það spítalagjald, sem samkv. tilsk. 12. febr. 1872 skal inn heimta á manntalsþingunum, en hins vegar ekki við það spítalagjald, sem utanhreppsmenn samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar eiga að greiða af hendi, áður en þeir fara burt úr hrepp þeim, er þeir hafa rekið veiðiskap í. Það er nú hvorttveggja, að orðin í 9. gr. laga 4. nóv. f. á. ná berlega að eins til þess spítalagjalds, sem inn skal heimta á manntalsþingum vorið 1882, enda var og *ratio legis* fyrir ákvörðun þessari, — svo sem sjá má af alþingistíðindunum, ekki sú, að undanþiggja nokkurn hlut veiðarinnar 1881 því, að *annadhvort* skyldi af henni spítalagjald greitt *eda* útflutningstollur, heldur hitt að eins, að reyna svo, sem unnt var, að girða fyrir, að nokkur hluti veiðarinnar yrði að bera bæði spítalagjaldið og útflutningstollinn. Þegar svo stendur á sem með þessi lög frá 4. nóvbr. 1881, að lög leggja nýtt gjald á í stað annars eldra, og hin nýja áлага er hagkvæmari en hin eldri og auk þess byggð á öðrum reglum, en lögin ákveða, hvern dag hin nýja áлага skuli í gildi ganga og hverjum ákvörðunum fylgja skuli, unz hinni nýju álögu verður í einu og öllu beitt, þá liggur það í hlutarins eðli, að *eigi er unnt* að sneiða hjá því, að af þessu leiði nokkurn misjöfnuð fyrir hina einstöku gjaldendur á millibilstímanum, meðan breytingin er að komast á. Það er því alveg náttúrlegt að einu leytinu, að af einhverju lítilsháttar af afla þeim, sem veiðst hefir fyrir ágústlok árið, sem leið, og sem spítalagjald því skal af krafíð á manntalsþingum í fardögum 1882, verði og að greiða útflutningsgjald sökum þess, að það verði eigi flutt út úr landinu hjeðan fyr en eptir 1. janúar 1882, og hins vegar, að nokkrar tunnur af síld, er aflast hefir eptir ágústmánaðarlok, sleppi bæði við spítalagjald og útflutningsgjald, svo framarlega sem þær hafa verið fluttar hjeðan af landi fyrir árslok 1881 og spítalagjald hefir eigi verið af þeim greitt samkvæmt tilsk. 12. febrúar 1872, 3. gr. En þessi misjöfnuður verður þó, hversu sem á stendur, miklu minni, heldur en ef allur sá mikli hluti síldaraflans í september og október-mánuðum, er útlendir menn hafa veitt umhverfis strendur landsins, slyppi undan að greiða *hvort um sig* af gjöldum þessum, og væri slíkt, svo sem fyr er á minnzt, bæði gagnstætt orðum og tilgangi laganna 4. nóvbr. f. á.

Það er því hvorttveggja, að það var skylda sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu að inn heimta spítalagjald samkv. 3. gr. tilsk. 12. febr. 1872 af sjerhverjum utanhreppsmanni, er síldveiði hefir rekið við strendur sýslunnar, áður en slíkur maður fór burt í haust úr hreppnum, enda er það skýlaus skylda sýslumannsins, að gjöra landssjóði fulla grein og skil á gjaldi þessu eptir reglum þeim, er gilda um allar aðrar innheimtur, er honum er trúað fyrir, og skortir gjörsamlega nokkra heimild til að endurborga hinum einstöku gjaldendum þau gjöld, er þeir hafa til landssjóðs greitt samkvæmt gildandi lögum.

17 — Brjef landshöfðingja til póstmestara um laun póstaþgreiðenda. — Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmestari, frá í dag, viðvíkjandi launum póstaþgreiðslumanna, er með viðkomandi gjaldlið í fjárlögunum fyrir árin 1882 og 1883 hafa verið færð upp um 500 kr., samþykkist hjer með, að hinir einstöku póstaþgreiðendur fái um næstu 2 ár frá 1. janúar þ. á. þau árslaun, sem nú skal greina:

- | | | |
|----|--|---------|
| 1. | Póstaþgreiðandinn á Akureyri | 300 kr. |
| 2. | — — — — — á Seyðisfirði | 250 — |